Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Kópavogi 28. júní 2013

**Efni: Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2012**

Meðfylgjandi er ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2012, sem samþykktur var og áritaður af stjórn samtakanna á stjórnarfundi 4. mars 2013

Virðingarfyllst,

Páll Guðjónsson

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson

Hafnarfjarðarbær
Innk: 3.7. 2013
Málsnr: 1307048
Bréfal: 032.2

# Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

## Ársreikningur 2012

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogur
Kt. 681077-0819

# Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Áritanir stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 7 |
| Skýringar | 8 |

# Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru hagsmunasamtök og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, stofnuð árið 1976. Markmið samtakanna er að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að auknum samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2012 nema gjöld umfram tekjur 1,7 millj. kr. Eigið fé samtakanna í árslok 2012 samkvæmt efnahagsreikningi nam 11,4 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Laun og launatengd gjöld nema 12,8 millj. kr. Starfandi er framkvæmdastjóri hjá samtökunum auk tveggja annarra starfsmanna alls í 2,5 stöðugildum í árslok.

Aðildarsveitarfélög samtakanna voru átta á árinu 2012 en þau eru, Sveitarfélagið Álftanes, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2012 er gefinn út hinn 25. febrúar 2013 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í stjórn samtakanna.

Kópavogur 25. febrúar 2013

Framkvæmdastjóri

Páll Guðjónsson

Kópavogur 4. mars 2013

Í stjórn samtakanna:

# Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2012, fjárhagsstöðu þeirra 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 25. febrúar 2013

***KPMG ehf.***

[signature]

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu höfum yfirfarið ársreikning samtakanna fyrir árið 2012 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Kópavogur 25. febrúar 2013

Björk Vilhelmsdóttir

[signature]

# Rekstrarreikningur ársins 2012

| | Skýr. | Ársreikningur 2012 | Fjárhagsáætlun 2012 | Ársreikningur 2011 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Árgjöld aðildarsveitarfélaga | 3 | 5.084.625 | 5.024.625 | 4.043.720 |
| Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga | | 19.748.435 | 20.000.000 | 19.440.309 |
| Framlag úr Jöfnunarsjóði v/sóknaráætlunar 2020 | | 1.638.853 | 3.000.000 | 0 |
| | | 26.471.913 | 28.024.625 | 23.484.029 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | 12.767.164 | 12.400.000 | 11.633.052 |
| | | 12.767.164 | 12.400.000 | 11.633.052 |
| Húsnæðiskostnaður | 5 | 3.924.589 | 4.200.000 | 3.466.001 |
| Verkefnakostnaður | 6 | 5.738.611 | 7.500.000 | 16.799.163 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 6.153.465 | 4.700.000 | 5.165.739 |
| | | 15.816.665 | 16.400.000 | 25.430.903 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði** | | ( 2.111.916 ) | ( 775.375 ) | ( 13.579.926 ) |
| Vaxtatekjur | | 274.853 | 300.000 | 296.328 |
| Arður | | 258.263 | 0 | 0 |
| Fjármagnstekjuskattur | | ( 106.622 ) | 0 | ( 59.264 ) |
| Vaxta- og þjónustugjöld | | ( 3.386 ) | 0 | ( 1.501 ) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals** | | 423.108 | 300.000 | 235.563 |
| **Gjöld umfram tekjur á árinu** | 11 | ( 1.688.808 ) | ( 475.375 ) | ( 13.344.363 ) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Spölur hf., hlutafé | 9 | 73.459 | 73.459 |
| | | | |
| Skammtímakröfur | | 13.808.860 | 764.906 |
| Handbært fé | | 6.085.973 | 13.226.338 |
| | | 19.894.833 | 13.991.244 |
| | | | |
| **Eignir samtals** | | 19.968.292 | 14.064.703 |
| | | | |
| **Eignir utan efnahagsreiknings** | 10 | | |
| | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Eiginfjárreikningur | 11 | 11.425.792 | 13.114.600 |
| | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir | | 8.542.500 | 950.103 |
| | | 8.542.500 | 950.103 |
| | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 19.968.292 | 14.064.703 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2012

| | Skýr. | Ársreikningur 2012 | Fjárhagsáætlun 2012 | Ársreikningur 2011 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | | |
| Gjöld umfram tekjur samkvæmt rekstrarreikningi ......... | 11 | ( 1.688.808 ) | ( 475.375 ) | ( 13.344.363 ) |
| Veltufé til rekstrar | | ( 1.688.808 ) | ( 475.375 ) | ( 13.344.363 ) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .................. | | ( 13.043.954) | 0 | 1.498.412 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .................. | | 7.592.397 | 0 | ( 242.166) |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 5.451.557 ) | 0 | 1.256.246 |
| Handbært fé til rekstrar | | ( 7.140.365 ) | ( 475.375 ) | ( 12.088.117 ) |
| **Lækkun á handbæru fé á árinu** .................................. | | ( 7.140.365) | ( 475.375) | ( 12.088.117) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** .......................................... | | 13.226.338 | 13.226.338 | 25.314.455 |
| **Handbært fé í árslok** ................................................ | | 6.085.973 | 12.750.963 | 13.226.338 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 2. Fjárhagsáætlun

Endurskoðuð fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2012 er birt í rekstrarreikningi og sjóðsstreymisyfirliti til samanburðar.

### 3. Árgjöld aðildarsveitarfélaga:

| | Ársreikningur 2012 | Ársreikningur 2011 |
|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 2.969.625 | 2.378.160 |
| Kópavogsbær | 778.475 | 613.940 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 660.850 | 520.900 |
| Garðabær | 281.750 | 217.900 |
| Mosfellsbær | 220.550 | 172.620 |
| Seltjarnarneskaupstaður | 107.600 | 86.540 |
| Sveitarfélagið Álftanes | 60.300 | 49.580 |
| Kjósarhreppur | 5.475 | 4.080 |
| | 5.084.625 | 4.043.720 |

### 4. Laun og launatengd gjöld:

| | Ársreikningur 2012 | Ársreikningur 2011 |
|---|---|---|
| Laun framkvæmdastjóra | 10.486.012 | 9.570.925 |
| Önnur laun skrifstsofu | 160.000 | 0 |
| Laun svæðisskipulagsstjóra | 1.110.000 | 0 |
| Laun svæðisskipulagsnefndar og varamanna í stjórn | 1.037.340 | 447.310 |
| Viðbótarframlag í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins | 0 | 84.396 |
| Lífeyrissjóðsgjöld | 1.265.999 | 991.787 |
| Tryggingagjald | 1.164.120 | 1.013.357 |
| Endurhæfingarsjóður | 16.100 | 4.993 |
| Tryggingar | 22.655 | 19.562 |
| Endurgreitt vegna svæðisskipulagsnefndar | ( 2.495.062 ) | ( 499.278 ) |
| | 12.767.164 | 11.633.052 |

### 5. Húsnæðiskostnaður:

| | Ársreikningur 2012 | Ársreikningur 2011 |
|---|---|---|
| Húsaleiga | 3.451.978 | 3.277.664 |
| Annar kostnaður | 472.611 | 188.337 |
| | 3.924.589 | 3.466.001 |

## 6. Verkefnakostnaður:

| | Ársreikningur 2012 | Ársreikningur 2011 |
|---|---|---|
| Þjónusta fatlaðra | 1.079.100 | 0 |
| Viðhald girðinga | 3.187.159 | 1.646.514 |
| Vatnsvernd | 6.919.350 | 4.124.976 |
| Stefnumótun | 0 | 11.027.673 |
| Námskeið v/langveikra barna | 0 | 450.000 |
| Styrkur úr ríkissjóði v/langveikra barna | 0 | ( 450.000 ) |
| Sóknaráætlun 2020 | 2.551.452 | 0 |
| Innheimt hjá sveitarfélögum v/vatnsverndar | ( 6.919.350 ) | 0 |
| Innheimt hjá sveitarfélögum v/málefni fatlaðra | ( 1.079.100 ) | 0 |
| | 5.738.611 | 16.799.163 |

## 7. Annar rekstrarkostnaður:

| | | |
|---|---|---|
| Bifreiðastyrkir | 759.250 | 705.845 |
| Pappír, prentun, ritföng | 279.663 | 533.607 |
| Bækur, blöð, tímarit | 25.939 | 26.942 |
| Sími og burðargjöld | 371.661 | 497.494 |
| Ferðakostnaður | 344.152 | 364.898 |
| Rekstur og viðhald skrifstofuáhalda | 413.345 | 303.610 |
| Gjaldfærð áhöld | 1.164.697 | 304.757 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 431.325 | 413.575 |
| Bókhaldsþjónusta | 1.283.560 | 1.127.200 |
| Tölvuþjónusta | 262.499 | 155.039 |
| Ráðstefnur og námskeið | 206.119 | 0 |
| Fundakostnaður skrifstofu (stjórnarfundir ofl.) | 754.906 | 704.216 |
| Hlutdeild svæðisskipulags í sameiginlegum kostnaði | ( 448.432 ) | 0 |
| Ráðningaþjónusta | 187.500 | 0 |
| Annar kostnaður | 117.281 | 28.556 |
| | 6.153.465 | 5.165.739 |

## 8. Svæðisskipulag

| | | |
|---|---|---|
| Laun svæðisskipulagsstjóra | 1.110.000 | 0 |
| Laun fyrir setur í svæðisskipulagsráði og samvinnunefnd | 1.012.932 | 447.310 |
| Launatengd gjöld | 372.130 | 51.968 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 1.671.111 | 0 |
| Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði | 448.432 | 0 |
| Innheimt hjá sveitarfélögum svæðisskipulags | ( 4.614.605 ) | ( 499.278 ) |
| | 0 | 0 |

## 9. Eignarhlutir í félögum

Samkvæmt hlutaskrá Spalar hf. nemur hlutafjáreign samtakanna 660 þús. kr. Eignfært hlutafé í efnahagsreikningi samtakanna er hins vegar 73 þús. kr. en það er sú fjárhæð sem greidd var úr sameiginlegum sjóðum samtakanna. Mismuninn eða 587 þús. kr. greiddu aðildarsveitarfélögin sjálf og er það eignfært hjá hverju um sig.

**10. Eignir utan efnahagsreiknings**

Í eigu samtakanna eru ýmsir lausafjármunir, sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum um að ræða húsgögn og skrifstofuáhöld, sem notuð eru við daglegan rekstur.

**11. Yfirlit um eiginfjárreikning:**

| | Ársreikningur 2012 | Ársreikningur 2011 |
|---|---|---|
| Eiginfjárreikningur í ársbyrjun | 13.114.600 | 26.458.963 |
| Gjöld umfram tekjur á árinu | ( 1.688.808 ) | ( 13.344.363 ) |
| Eiginfjárreikningur í árslok | 11.425.792 | 13.114.600 |

**12. Samningar**

Á árinu 2012, nánar tiltekið 7. maí 2012, var gengið frá samningi milli innanríkisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Vegagerðarinnar og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna sérverkefnis til eflingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Samningurinn er til tíu ára og felur í sér framlög Vegagerðarinnar til verkefnisins sem nemur 350 millj. kr. á árinu 2012, 900 millj. kr. árlega á samningstímanum auk 550 millj. kr. framlags á árinu 2022. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru móttakandi framlaga Vegargerðarinnar sem síðan er veitt áfram óskert til Strætó bs. Fjárhæðir framlaga taka breytingum í samræmi við breytingar á launavísitölu og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í fyrsta skipti 1. janúar 2013.